

Fréttir af markaði


Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu um 1,5 milljörðum króna í janúar, en þar af voru tæpir 1,4 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í janúar 2010 samtals rúmum 700 milljónum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 10 milljónir króna í janúar en um 10,3 milljónir í desember síðastliðnum.

Þann 26. janúar s.l. birti Hagstofa Íslands vísitölu neysluverðs miðað við verðlag í janúar, en þar kom fram að vísitalan hafði lækkað um 0,90% frá fyrra mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis lækkaði um 0,97% frá desember. Kostnaður vegna eigin húsnæðis lækkaði um 1,8% milli mánaða sem lækkaði vísitöluna um 0,22%. Ávöxtunarkrafa HFF 14 lækkaði í janúar um 42 punkta og í HFF 24 um 5 punkta. Ávöxtunarkrafa HFF 34 hækkaði hinsvegar um 2 punkta og HFF 44 um 5 punkta.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 49 milljörðum króna í janúar samanborið við um 48 milljarða í desember 2010.

Greiðslur íbúðalánasjóðs námu rúmum 2,2 milljörðum króna í janúar, en þær voru að mestu vegna greiðslu húsnæðisbréfa. Uppgreiðslur lána íbúðalánasjóðs í janúar námu um 2,3 milljörðum króna.


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Nóv. 2010	Des. 2010	Jan. 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	2,52%	1,86%	1,44%	1,9	70,7	31,4
HFF24	3,09%	3,06%	3,02%	6,1	164,2	123,5
HFF34	3,33%	3,26%	3,28%	10,2	170,5	147,7
HFF44	3,37%	3,29%	3,33%	13,9	263,1	242,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok janúar '11. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafrýrgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Vextir Íbúðalánasjóðs 2007- 2011



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2010

Í milljörðum króna	Áætlun Q4	Raun Q4	Áætlun 2010	Raun jan-des. 2010
Útgáfa íbúðabréfa	11 - 13	11,6	42 - 50	46,4
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	6,5	25 - 33	26,9
Greiðslur ÍLS	16 - 18	22,0	65 - 73	79,4

Tölur í milljörðum króna

Endurskoðuð áætlun 2010

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán ÍLS	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33
Greiðslur ÍLS	15-17	20 - 22	14 - 16	16-18	65 - 73

Tölur í milljörðum króna

Útboð íbúðabréfa

